

EB gerðirnar sem vísað er til eru birtar í sérritinu EES gerðir S 32, bls. 1-24, og S 35, bls. 14-25, sbr. auglýsingu nr. 31/1993 í C-deild Stjórnartíðinda, og í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfu, bók 4, bls. 135-136, sbr. EES viðbæti, 17. hefti 1994.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. október 2002.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Seyðisfjarðarhöfn nr. 380/1985.

1. gr.

Við 14. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

14.6. Hámarkssiglingahraði á hafnarsvæðinu er 4 mílur.

14.7. Köfun á hafnarsvæðinu er stranglega bönnuð nema með skriflegu leyfi hafnarstjóra. Köfunarleyfi að flaki El Grillo er bundið réttindum til köfunar á slíku dýpi. Allt brott-nám hluta úr flaki El Grillo er stranglega bannað, nema með leyfi umhverfisráðu-neytisins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í hafnalögum nr. 23/1994 og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 16. október 2002.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993 - 2013, Þórsmörk.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013, Þórsmörk.

Breytingin felst í því að landnotkun á lóð nr. 5-7 við Þórsmörk breytist úr landbúnaðarsvæði (ylrækt) í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. október 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.